

21. gr.

Þeir sem hyggjast stunda náttúruathuganir, svo sem lögmæta söfnun náttúrugripa, fuglaljósmyndun úr felutjöldum, fuglamerkingar, svo og aðrar hliðstæðar athuganir, sem vafi getur leikið á að falli undir ákvæði 6. gr., skulu gera eftirlitsmanni eða oddvita (sveitarstjóra) viðvart.

22. gr.

Um brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar fer að ákvæðum 8. laga nr. 36/1974.

23. gr.

Að öðru leyti fer um varndun Laxár- og Mývatnssvæðisins samkvæmt lögum og reglugerð um náttúruvernd.

Náttúruverndarráð hefur með höndum framkvæmdir á náttúruverndarmálum undir yfirstjórn Menntamálaráðuneytisins.

24. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. ákvæðum í 3., 4. og 5. gr. laga nr. 36/1974 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 9. mars 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ**fyrir Vatnsveitu Vopnafjarðarhrepps.****1. gr.**

Vatnsveita Vopnafjarðarhrepps er eign Vopnafjarðarhrepps. Heimili hennar og varnarþing er á Vopnafirði.

2. gr.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fer með yfirstjórn vatnsveitunnar og ber ábyrgð á skuldbindingum hennar. Hreppsnefnd og sveitarstjóri annast daglegan rekstur hennar og framkvæmdir, en heimilt er, að ráða sérstakan vatnsveitustjóra, eða umsjónarmann, til að sjá um eftirlit eða framkvæmdir við vatnsveituna, ef þess gerist þörf.

3. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið, en skrifstofa hreppsins annast allt reikningshald. Reikningarnir skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar sveitar-sjóðs og fylgja þeim ár hvert.

4. gr.

Vopnafjarðarhreppur hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt.

5. gr.

Hreppsnefnd lætur leggja vatnsæðar svo víða um kaupþúnið, sem þörf krefur og fært þykir, svo húseigendur eigi aðgang að þeim við veg, götu eða opin svæði, sem hús þeirra liggja að.

6. gr.

Allar vatnsæðar frá dreifikerfi vatnsveitunnar, að húsi og í því, eru eign húseiganda og ber hann kostnað af lagningu þeirra og viðhaldi. Vatnsveitan getur ákveðið, að heimæðar eða hluti þeirra, séu lagðar af starfsmönnum vatnsveitunnar en á kostnað húseiganda.

7. gr.

Hver sá, sem óskar að fá vatnsæð tengda húsi sínu, gera endurbætur eða breytingar á eldri lögnum, skal sækja um það til hreppsnefndar og gera grein fyrir áætlaðri vatnspörf og til hvers vatnið skuli notað. Vatnsveitan sér um tengingu frá vatnsveituæð, gegn sérstöku tengigjaldi.

Allar lagnir skulu lagðar undir eftirliti starfsmanna vatnsveitunnar og ber húseiganda að fara í einu og öllu eftir fyrirmælum þeirra, að því er snertir efni og frágang.

8. gr.

Hverjum húseiganda og notanda er skylt að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim. Skal þess sérstaklega gætt, að ekki frjósi í leiðslunum. Ef eldri vatnsæðar liggja svo grunnt í jörðu, að hætta sé á, að í þeim frjósi, ber húseiganda að láta bæta úr því á þann hátt, sem starfsmenn vatnsveitunnar telja fullnægjandi.

Enginn má eyða vatni að óþörfu.

Ekki má tengja dælur eða aflvélar í samband við vatnsveituna, né tengja saman æðar vatnsveitunnar og önnur veitukerfi, t. d. sjóveitu, nema með sérstöku leyfi hreppsnefndar.

9. gr.

Starfsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna og lóðir, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki, sem sett eru í samband við vatnsveituna. Ef þeim þykir í einhverju ábótavant hvað umbúnað snertir, skal húseiganda skylt, að bæta úr því tafarlaust. Ella getur vatnsveitan látið vinna verkið á kostnað eiganda.

10. gr.

Hreppsnefnd getur látið loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á vatnsæðum eða tækjum sem við þær eru tengd, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga. Vatnsskatt ber að greiða að fullu, þótt lokað sé fyrir vatnið af þessum orsökum.

11. gr.

Vatnsveita Vopnafjarðarhrepps hefur rétt til að takmarka vatnsnotkun, ef skortur er á vatni, eða loka fyrir vatnið vegna hreinsunar, eða framkvæmda við vatnsveituna. Ef eldsvoða ber að höndum, hafa slökkvilið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar teljast, hvort sem er á vatnsæðum vatnsveitunnar eða í einka eign. Óheimilt er öðrum en slökkviliði, lögreglu og starfsmönnum vatnsveitunnar að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, nema með sérstöku leyfi.

12. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem leiða kann af rekstrartruflunum er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar, takmörkun á vatnsnotkun eða af öðrum ástæðum.

13. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal árlega greiða vatnsskatt af öllum húsum, sem standa við vegi eða opin svæði og vatn er lagt í. Vatnsskattinn skal miða við fasteignamatsvirðingu og ákveður hreppsnefndin vatnsskattinn.

14. gr.

Hreppsnefndin getur ákveðið að setja upp vatnsmæla hjá þeim fyrirtækjum og einstaklingum, sem nota mikið vatn, t. d. frystihús, vinnslustöðvar, iðjuver o. fl. og selja vatn eftir mælingu, eða ákveða, að allt vatn skuli selt eftir mælingu. Skal þá vatnsveitan sjá um uppsetningu mælanna en stofnkostnað og viðhald þeirra ber húseiganda að greiða. Ef mælingu verður eigi komið við, má ákveða sérstakt gjald fyrir hverja framleiðslu- eða vinnslueiningu.

15. gr.

Vatnsskattur skal vera allt að 2%, — tveir af þúsundi —, af fasteignamatsverði húsa og lóða. Lágmarksgjald af hverju húsi, eða einstakri íbúð skal vera kr. 10 000. Af þvottaplönnum greiðist kr. 50 000.

16. gr.

Ef vatn er selt skv. mæli, skal greiða kr. 20.00 fyrir hvern rúmmetra. Gjald dagar skv. þessari grein skulu vera fjórir: 31. mars, 30. júní, 30. sept. og 31. desember.

17. gr.

Fyrir vatn í skip í höfninni greiðist kr. 150.00 fyrir hvern rúmmetra, og auk þess afgreiðslugjald, kr. 1 000.00 að degi, en kr. 2 000.00 að nóttu. Gjaldið greiðist við móttöku.

18. gr.

Fyrir önnur vatnsafnot en þau, sem að framan eru talin og mælingu verður eigi komið við, skal greiða gjald, sem hreppsnefnd ákveður.

19. gr.

Í stofngjald (tengigjald) skal greiða kr. 80.00 fyrir hvern rúmmeter húsa að 2 000 rúmmetrum en síðan kr. 12.00 fyrir hvern rúmmeter eftir það.

20. gr.

Gjöld skv. reglugerð þessari önnur en vatnsskattur miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 178 stig, og breytist með henni. Hækkun eða lækkun má þó aldrei vera meiri en 50% án samþykkis ráðuneytis.

21. gr.

Gjald dagar vatnsskatts eru 15. janúar og 15. júní ár hvert, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

22. gr.

Öll gjöld skv. reglugerð þessari, má taka lögtaki og eru þau tryggð með lögveði í viðkomandi eign næstu tvö ár eftir gjalddaga og ganga þau fyrir hvers konar samnings- og aðfararveðum.

23. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum, allt að kr. 20 000, nema þyngri refsing liggji við, að lögum.

Ef einhver veldur skemmdum á vatnsveitunni, skal hann bæta það skv. mati óvilhallra manna.

Mál út af brotum á reglugerð þessari, skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með, skv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. mars 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

7. mars 1978.

Nr. 138.

REGLUGERÐ

um almenningsbókasöfn.

1. gr.

Sveitarfélög reisa og reka almenningsbókasöfn (miðsöfn og hreppasöfn), ýmist ein sér eða í samstarfi sín á milli, eftir því sem nánar greinir í reglugerð þessari. Stofn- og rekstrarkostnaður stofnanasafna greiðist af hlutaðeigandi stofnunum.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með málefni almenningsbókasafna að svo miklu leyti sem ríkið hefur afskipti af þeim málum.

Ráðuneytið hefur yfirumsjón með almenningsbókasöfnum og sér um, að starfsemi þeirra sé í samræmi við lög og reglur, er að þessum eignum líta.

3. gr.

Almenningsbókasöfn skiptast í þrjá flokka:

1. Bæjar- og héraðsbókasöfn, og skal líta á þau sem miðsöfn.
2. Hreppasöfn.
3. Stofnanasöfn (bókasöfn í sjúkrahúsum, hælum, vistheimilum og fangahúsum).

Að jafnaði skal koma fram í nafni safnsins, um hvers konar safn sé að ræða, en sé vikið frá því, skal um það haft samráð við menntamálaráðuneytið.

4. gr.

Landið skiptist í eftirtalin bókasafnsumdæmi:

I. Umdæmi í kaupstöðum. Þar starfa bæjarbókasöfn.

1. Reykjavík (Borgarbókasafn).
2. Seltjarnarnes.
3. Bolungarvík.
4. Siglufjörður.
5. Ólafsfjörður.
6. Dalvík.
7. Seyðisfjörður (ásamt Seyðisfjarðarhreppi).
8. Neskaupstaður (ásamt Norðfjarðar- og Mjóafj. hreppum).